

Atvinnuáttak Garðabæjar 2012



Verkefnastjóri:

Matthías Ólafsson
yfirklokkstjóri

Yfirumsjón:

Erla Bil Bjarnardóttir,
umhverfisstjóri

Inngangur

Þegar ljóst varð í upphafi árs 2009 að stórfellt atvinnuleysi myndi blasa við þjóðinni þá ákvað stjórn Skógræktarfélags Íslands að bjóða fram mannaflsfrek verkefni á sviði skógræktar sem hefðu það að markmiði að bæta útivistarsvæðin í upplandi höfuðborgarsvæðisins og á skógræktarsvæðum víðsvegar á landsbyggðinni með styrk frá ríkinu.

Bæjaryfirvöld í Garðabæ settu 80 mkr. fjárveitingu á fjárhagsáætlun 2012 í verkefnið *Sumaráttak vegna ungs fólks*. Það var fjórða árið í röð sem bærinn gerði ráð fyrir fjárveitingu til sumarátaks sem felur í sér margvísleg störf við að halda bænum snyrtilegum s.s. að afmá veggjakrot, fjarlægja rusl, hlú að útivistarsvæðum í útmörkinni og halda grænum svæðum snyrtilegum.

Atvinnuáttak Garðabæjar sem nú var starfsrækt fjórða sumarið í röð kallast „skógræktarhópar“. Skógræktarfélag Garðabæjar bauð bæjaryfirvöldum í Garðabæ til samstarfs við atvinnuáttak Skógræktarfélags Íslands 2009-2011 með skipulagningu verkefna á skógræktarsvæðunum. Í samræmi við þann skýra vilja bæjaryfirvalda að leita allra leiða til að tryggja ungu fólki, þ.e. 17 ára og eldri, sumarvinnu við þær erfiðu aðstæður sem hafa ríkt á vinnumarkaði, samþykkti bæjarstjórn að ganga til samstarfs við Skógræktarfélag Íslands um sérstakt atvinnuáttak fyrir ungt námsfólk. Skógræktarfélag Íslands fékk verkefnið framlengt fyrir 2012 og þar með áframhaldandi fjárstyrk til verkefnisins. Samningur var undirritaður 15. júní 2012 milli þessara þriggja aðila um verkefni fyrir 100 starfsmenn í tvo mánuði (júní/júlí). Verkefnið hefur tekist vel undanfarin þrjú sumur og gefið af sér fjölda arðbærra verkefna sem tíunduð verða hér síðar í skýrslunni. Einar Örn Jónsson frá Skógræktarfélagi Íslands var eftirlitsmaður atvinnuátaksins á landsvísi.

Unnið var að fjölbreyttum verkefnum á svæðunum, s.s. uppgræðslu, ruslatíngi, grisjun, gróðursetningu, áburðargjöf á eldri trjáplöntur, lúpínuheftingu, yfirlagningu eldri útivistarstíga og gerð nýrra auk þess sem gaddavírsgirðingar voru fjarlægðar. Eitt stærsta verkefni nýliðins sumars var lagning útivistarstígs í Smalaholti sem segja má að sé fjórði áfangi í gerð útivistarstíga á svæðinu sem mynda samfellt göngustígakerfi í Smalaholti. Í Smalaholti var áfram unnið að nýjum trjásýnireit þar sem fjölbreyttar tegundir trjáa og runna voru gróðursett (hófst 2011) til að gleðja göngufólk og til fróðleiks merktar með heiti.

Í ár var gerð sú tilraun að gefa skjólstæðingum fjölskyldusviðs kost á að taka þátt í sumarátaki ungs fólks. Þátttakendur voru fjórir og fengu þeir á þennan hátt aukna möguleika til að umgangast ungt fólk að störfum.

Samningur um atvinnuáttak



Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Magnús Gunnarsson formaður Skógræktarfélags Íslands og Barbara Stanzeit, gjaldkeri Skógræktarfélags Garðabæjar undirrita samning.

Undirbúningur

Erla Bil Bjarnardóttir umhverfisstjóri hafði yfirumsjón með atvinnuáttakinu og réð Matthías Ólafsson yfirflokksstjóra til starfa. Hóf hann störf 1. apríl við undirbúning að hinum ýmsu verkefnum sem stefnt var að því að framkvæma um sumarið og við að koma upp aðstöðu fyrir starfið.

Á jarðhæð Garðatorgs 1 var komið upp aðstöðu fyrir skógræktarhópa. Þar var fundar- og skrifstofurými með salerni, tölvu og kaffivél. Stór gámur í eigu GH ljósa sem hafði undanfarin ár staðið þar á planinu var tæmdur af vörum sem í honum voru, í staðinn eignaðist bæinn gáminn sem var málaður grár að lit og varð þannig töluvert snyrtilegri en áður. Vegna þessa þurfti ekki að leigja gám fyrir verkfæri (ætluð 17 ára hópum) á planið norðan Garðatorgs 1.

Vinnubúðum var komið upp á Smalaholti, fyrir skógræktarsvæðin og friðland Vífilsstaðavatns og öðrum vinnubúðum í Urriðaholti fyrir Heiðmörk, Urriðaholt og Kaupún.

Vinnutími flokksstjóra var frá 08:00 - 16.00. Mættu þeir á hverjum morgni til verkefnafundar að Garðatorgi til að undirbúa daginn, í samráði við yfirflokksstjóra. Sá tími nýttist einnig til að ræða ýmis mál tengd vinnunni, sem og til að skrá vinnustundir hópanna og dagbækur, sem fært var í tölvu hvern morgun. Frágangur og skil á vinnulistum var í umsjón umhverfisstjóra, en Hilmar Kristjánsson, sumarstarfskraftur á bæjarskrifstofum sá um innslátt á innfærslulistum.

Vinnutími ungmenna fædd 95' var frá 09:00 – 15:00, alls 6 tímar á dag. Þetta voru 5 hópar auk flokksstjóra (voru fjórir 2011), sem mættu í bækistöðina á Garðatorgi hvern morgun og héldu þaðan til verkefna innanbæjar og á vestursvæðin.

Vinnutími ungmenna fædd 94' og eldri var frá 09:00 – 16:00, alls 7 tímar á dag. Það voru 9 hópar með flokksstjórum. Þau tóku rútuna á Garðatorgi sem ók þeim til vinnubúða en margir fóru á eigin bílum. Eldri hóparnir störfuðu í útmörkinni eða ofan byggðar.

Þrjú ungmenni á vegum Nordjobb fengu vinnu í eldri hópum átaksins. Þau voru frá Finnlandi og Svíþjóð. Þau fengu að aðstoða á vinabæjarmóti við gróðursetningu í vinabæjarlundinn.

Fræðsla og undirbúningur

Flokksstjórar átaksins voru ráðnir í apríl og maí með ráðningarviðtölum sem umhverfisstjóri og yfirflokksstjóri tóku og hófu flestir sumarið á að sitja fræðslunámskeið fyrir flokksstjóra, dagana 30. og 31. maí. Námskeiðið innihélt fræðslu um vinnubrögð, að lesa í landið og umhverfið, gróðursetningar trjáplantna o.fl. Kennt var bæði innandyrna og á skógræktarsvæðum. Sú fræðsla var á vegum Skógræktarfélags Íslands. Hálfan dag var skyndihjálparnámskeið. Heimsókn með fræðslu fengu flokksstjórar frá sprengjudeild Landhelgisgæslunnar vegna hreinsunarverkefnis á Kjóavöllum. Einnig fóru umhverfisstjóri og bæjarverkfræðingur yfir stöðuna og buðu þau flokkstjórana velkomna til starfa. Þá fór yfirflokksstjóri yfir sínar áherslur og lagði mikið upp úr góðu samstarfi. Á undirbúningstíma verkefnisins unnu þrír flokksstjórar í tvær til þrjár vikur við að koma upp vinnubúðum og verkfærum í þær og að raða í vinnuhópana fjórtán.

Verkefnin sem lágu fyrir hjá eldri hópunum voru öll í útmörkinni og var gerður samningur við Hópferðabíla um fólksflutninga til og frá vinnustað þ.e. bækistöðva í útmörkinni. Leigðir voru vinnuskúrar sem hýstu verkfæri, áhöld og vélar og einnig tveir skúrar sem starfsfólkið hafði aðstöðu í til matar- og kaffistunda auk salernisaðstöðu. Þá var leigður pallbíll fyrir yfirflokksstjóra (aðfangabíll í samningi) sem nýttist vel í flutninga á verkfærum út til hópanna, til að ferja plöntur og í tilfallandi flutninga s.s. upphirðu eftir hópana eftir ruslatínu og heyrakstur og til að fara yfir svæðin sem yfirflokksstjóri hafði umsjón með.

Samstarf og eftirfylgni

Skógræktarfélag Garðabæjar hefur undanfarin sumur haft umsjónarmann á svæðunum til að styrkja verkefnin þar og leitast við að fá fagmenntað fólk. Stjórn félagsins gerði verktakasamning við Ástu Steingerði Geirsdóttur garðyrkjufræðing, yfir sumarið til að skipuleggja verkefni fyrir hópana á skógræktar- og útivistarsvæðum félagsins og fylgja þeim eftir með leiðbeiningum um rétt vinnubrögð og vera flokksstjórum til taks ef þeir þyrftu á að halda. Barbara Stanzeit var einnig fulltrúi félagsins við öflun verkefna, aðallega við útvegum plantna til gróðursetninga á svæðin.

Verkefni

Hreinsun bæjarlandsins - Ruslatínsla

Lagt var upp úr því að nýta mannafla átaksins við að gera bæinn sem snyrtilegastan og var ruslatínsla því veigamikill fyrsti verkþáttur. Eldri hóparnir tóku fyrir svæðin í útmörkinni austan Reykjanesbrautar, en yngri hóparnir tóku opin svæði og þau svæði sem skilgreind eru vestan Reykjanesbrautar s.s. læki, fjörur og hraun til marka Álftaness.

Eftirfarandi svæði voru hreinsuð:

- Öll strandlengja Garðabæjar
- Umhverfi Vífilsstaða
- Vífilsstaðahlíð
- Garðahraun
- Gálghakraun (tvær yfirferðir)
- Svínakraun
- Smalaholt
- Sandahlíð
- Umhverfis Urriðavatn og Urriðaholt
- Hádegisholt
- Umhverfi Kaupþúns
- Molduhraun (iðnaðarhverfi)
- Meðfram Álftanesvegi
- Meðfram Reykjanesbraut
- Akrahverfi
- Ýmis opin svæði innanbæjar

Á vestursvæðunum s.s. í friðlandi Gálghakrauns var m.a. gripið til þess ráðs, vegna mikils sjórekens timburs, að safna spýtnabraki og úrgangi í bálköst sem staðsettur var við flæðarmálið og skildi því ekki eftir sig ummerki. Allt rusl sem var tínt var flokkað í viðeigandi gáma.

Hefting lúpínu og kerfils

Bæði yngri og eldri hópar unnu við lúpínuátakið. Mikil vinna var lögð í að hefta útbreiðslu Alaskalúpínu í friðlandinu sem og á fleiri svæðum í bæjarlandinu. Í friðlandi Vífilsstaðavatns var haldið áfram þeirri skipulögðu vinnu sem hófst 2008 að hefta útbreiðslu lúpínunnar. Þar var gert átak í að ná tökum á útbreiðslu hennar með fjölgun vélorfa, ásamt klippingu.



Lúpínusláttur

Fleiri lögðu hönd á plóg með þátttöku í heftingu útbreiðslu lúpínunnar. Starfsfólk Náttúrufræðistofnunar Íslands á Urriðaholti lagði fram hálf dagsverk þann 21. júní og fékk lánuð sláttuorf og klippur frá áttakinu. Starfsmennirnir vildu ekki horfa aðgerðalausir upp á að lúpínan dreifði sér inn á Svínahraunið fyrir augum þeirra á Urriðaholti. Skógræktarhópar héldu síðan verkinu áfram norðan í holtinu meðfram hraunjaðrinum. Þessi lúpína á Urriðaholti dreifist út frá skógræktarreitum Oddfellowa norðan í holtinu.

Bæjarlandið vestan Reykjanesbrautar var fínkeppt af lúpínu þar sem yngri hóparnir störfuðu. Svæði þar sem lúpína var klippt og slegin voru eftirfarandi:

Magntölur lúpínusvæða sem slegin voru og klippt, þ.e. hefting útbreiðslu lúpínu með GPS staðsetningartæki. Að mæla slegið flatarmál af lúpínum bæði utan- og innanbæjar. Tvær aðferðir voru notaðar við gagnasöfnun.

- A) Fyrri aðferðin notast við GPS hnit. Fundnir eru hornpunktar viðkomandi breiðu (eða nálgun á þeim) og þeir ritaðir niður. Með hjálp forritsins Google Earth eru svo nauðsynlegar stærðir fundnar, sér í lagi hliðarlengdir.
- B) Önnur aðferðin er notuð á minni breiður sem hafa hliðarlengdir innan u.þ.b. 15 metra. Þá er gengið meðfram hliðum breiðunnar með GPS tækið. Tækið skilar þá með mikilli nákvæmni hliðarlengdum breiðunnar. Þessi aðferð var notuð líka þar sem klippt var meðfram stígum. Þá voru gengnir stígar og mældir hversu langt var klippt út frá þeim með jöfnu millibili (~10m).

Hér eru heildartölurnar fyrir hvert svæði:

Svæði	Flatarmál (m ²)
Friðland Vífilsstaðavatns	41.580
Arnarnesvegur umhverfi	8.740
Smalaholt	7.370
Svínahraun	6.510
Hofsstaðahæð	5.260
Sandahlíð	5.210
Hnoðraholt	3.990
Umhverfi Vífilsstaða	3.330
Urriðaholt	3.900
Arnarnes	930
Ásar	50
Akrar	10
Heildarflatarmál:	86.880 m ²

Heildaróvissa er metin 4% svo heildarflatarmálið er 78000 +/- 3000 m² eða 7,8 +/- 0,3 hektarar. Niðurstaða: Í heildina voru klipptir u.þ.b. 7,8 hektarar +/- 0,3 hektarar

Undirrituð bæði sóttu málþing um rannsóknir á alaskalúpínu haldið í Gunnarsholti 17. apríl sl. Þar komu fram helstu sérfræðingar landsins á þessu sviði. Málþingið var fjölmennt af meðmælendum lúpínunnar og andmælendum og var sumum heitt í hamsi. Enginn er alslæmur, ekki lúpínan frekar en aðrir. Þar kom fram í erindum að heildarfjöldi fugla væri meiri í lúpínubreiðum en í mólendi og að þúfutittlingar, hrossagaukar og skógarprestir halda sig flestir í lúpínubreiðum.

Fuglalíf er mikið í friðlandi Vífilsstaðavatns, svo að vinna við slátt og klippingu lúpínu þar um varptímann í júní var nokkuð áhyggjuefni. Júní er álitinn besti tíminn til að stunda lúpínuslátt en hann er jafnframt varptími fugla. Svo fór þó að fuglar virtust ekki hrekjast burt, a.m.k. flutti krían sig ekki um set þó klippt væri nærri hreiðri hennar. Krían virtist treysta krökkunum, enda fóru þau gætilega þar sem þau vissu af hreiðrum, sem þau voru nösk á að finna.

Kerfill



Einnig var reynt að hamla útbreiðslu Skógarkerfils og voru flekkir eittraðir snemma í vor í nágrenni Vífilsstaðavatns austan Elliðavatnsvegar til móts við friðlandið og í Hlíðarhorni uppi í enda Vífilsstaðahlíðar. Allsstaðar þar sem kerfillinn skaut upp kolli sínum með hvítum blómum var klippt ofan af honum og sett í poka til að hann sáði sér ekki út. Þá var einnig herjað á kerfillinn sem náð hefur bólfestu í og við aðstöðu skógræktarfélagsins við Vífilsstaði. Gríðarlegt magn er af kerfli á ríkisjörðinni Vífilsstöðum og sáir sér ört í allar áttir sem er áhyggjuefni. Sérstaklega þar sem kerfill á líklega auðveldara með að sá sér og vaxa í lúpínubreiðum sem hafa verið klipptar. Kerfill í öllu bæjarlandinu var klipptur, nema innan Vífilsstaða.

Sérfræðingur frá Náttúrufræðistofnun fór til fundar við bústjóra Vífilsstaða í sumar til að hvetja hann til að stemma stigu við útbreiðslu kerfils frá Vífilsstöðum.



Flekkur þar sem eittrað var á kerfil í vor.

Stígagerð

Eitt vinsælasta verkefni sumarsins var lagning nýrra útivistarstíga. Vinna við gerð göngustíga er 4. áfanginn í áætlun um lagningu stíga á Smalaholti sem unnin var samkvæmt skipulagi Hornsteina arkitekta ehf. 2008. Sumarið 2012 voru eftirfarandi nýir stígar lagðir:

- Smalaholt nýir útivistarstígar, tvær hringleiðir og tenging upp í Sandahlíð að Elliðavatnsvegi og göngubraut máluð á veginn, samtals 980 lengdarmetrar.
- Leiðin milli hrauns og hlíðar þ.e. Urriðaholts og Svínahrauns var lögð frá Kaupþúni á móts við hús Náttúrufræðistofnunar að Elliðavatnsvegi móts við Maríuhella. Þetta er ein af gönguleiðum upp í Heiðmörk. Samtals 820 lengdar metrar.
- Í Sandahlíð var lagt kurl í mjóa hliðarstíga.



Unnið við stígagerð

Hefðbundinn undirbúningur var að lagningu nýrra útivistarstíga, sem fór þannig fram að fyrst voru settir út hælir samkvæmt skipulaginu, þá fóru fulltrúar Skógræktarfélagsins yfir legu stíga og samþykktu, í Smalaholti og Sandahlíð. Síðan fór beltagrafa eftir stígstæði, formaði og jafnaði út stígrásina. Hóparnir stungu síðan upp lúpínurætur úr stígstæðinu svo lúpínan yxi ekki upp úr yfirlaginu, því á köflum lágu stígarnir í gegnum lúpínubreiður, sérstaklega í Smalaholti. Lögð var áhersla á að raska sem minnstu. Plöntur voru færðar til eftir þörfum og reynt að koma grjóti sem náttúrulegast fyrir í umhverfinu. Leigður var stór beltavagn sem notaður var til þess að keyra fyrst grús í undirlag og síðan leirblönduðu efni í yfirborð stíganna. Einnig notuðust hóparnir við hefðbundnar hjólbörur. Þegar lokið var við að leggja stígana tók við almenn frágangsvinna sem fólst m.a. í að raka og jafna stígana eftir þörfum. Þá var mikil vinna lögð í að ganga sem best og snyrtilegast frá stígfláunum sem mynduðust þegar stígstæðið var rutt. Koma þurfti grjóti og öðrum ruðningi frá og fletja út kantana. Að endingu var grasfræi sáð í stígakanta.



Fulltrúar Skógræktarfélagsins í Smalaholti

Yfirlögn eldri stíga

Hóparnir yfirlögðu eldri útivistarstíga í útmörkinni, eftir þörfum. Þörfin var ekki jafn brýn og áður, vegna þess að sumarátakið hefur yfirlagt og viðhaldið fjölda útivistarstíga eða malarstíga á útivistarsvæðum í útmörkinni. Viðhald eldri útivistarstíga með ofaníburði fór fram á eftirfarandi stöðum:

- Friðland Vífilsstaðavatns, gönguleiðin sunnan vatns (gamli vegslóðinn) var orðinn mjög grófur á yfirborðinu, um 790 lengdarmetrar.
- Sandahlíð, eftir endilangri hlíðinni, um 570 lengdarmetrar.
- Lækjarstígur Svínahrauni sunnan Vífilsstaða og lækjar um 830 lengdarmetrar.
- Hrauntröð Urriðakotshrauni, milli línuvegur og Námu. Einnig tengistígur til norðurs frá Námu. Samtals um 950 lengdarmetrar.

Samtals yfirlagðir um 3,1 km útivistarstíga í útmörk og bæjarlandi. Alls hefur aðgengi göngufólks verið bætt um 5,0 km í sumar.

Gerð nýs áningarsvæðis í Smalaholti

- Unnið var að uppbyggingu nýs áningarsvæðis í Smalaholti, staðsett í furulundi Lionsklúbbs Garðabæjar, með góðfúslega leyfi þeirra lions-manna. Þeim stöðum hefur því fjölgað sem fólk getur áð á og notið útiveru og ekki spillir að hafa útsýni til Vífilsstaðavatns. Þetta verkefni var krefjandi fyrir krakkana að takast á við og skemmtilegt.
- Umhirða trjáplantna í trjásýnireit í Smalaholti, sem uppbygging hófst á sl. sumar. Áburðargjöf á plöntur og önnur umhirða.



Smalaholti, nýr áningarstaður

Urriðaholt

Fjölbreytt verkefni voru unnin á Urriðaholti:

- Hefting útbreiðslu lúpínu innan byggðar sunnan í holtinu.
- Umhirða eldri gróðurbeða s.s. áburðargjöf og illgresishreinsun.
- Gróðursetning trjáa og runna í útivistarsvæðið.
- Gróðursetning skógarplantna, innan og ofan byggðahverfisins.
- Þökulögð vatnsrás að nýfrágengnum göngustíg sem byggður var upp yfir fornleifasvæði.
- Sáning grasfræs í neðri kant göngustígs Urriðavatnsmegin, umhverfis fornleifasvæði.
- Hreinsun beða umhverfis hús Náttúrufræðistofnunar.
- Hreinsað allt rusl á Urriðaholti og umhverfis Urriðavatn.
- Gaddavírsgirðing, rifin á Hrauntanganum.
- Sláttur í vatnsrásum, umhverfis trjábeð í Urriðaholti, Kaupúni og á hólnum við Ní.



Göngustígur, áður fornleifauppgröftur. Í vinnslu og eftir að framkvæmd var lokið.

Heiðmörk – Vífilsstaðahlíð

Ruslatínsla og hirða á sorpi var framkvæmd vikulega. Mjög léleg umgengni og umhirða hefur verið á og við grillaðstöðu fyrir miðri Vífilsstaðahlíð. Grillaðstöðunni var lokað með keðju er lokaði aðkomu á bílaplanið, gert samkvæmt tillögu umhverfisnefndar til bæjarráðs.



Balasvæði

Svæðið Bali er á mörkum Garðabæjar og Hafnarfjarðar, þar hefur viðgengist til margra ára að aka utan vegslóðans til að njóta svæðisins. Svæðið var af þeim sökum orðið útvaðið og vegslóðinn orðinn tvöfalt breiðari en hann var. Markmiðið var að breyta ásjón svæðisins, mjókka vegslóðann í 3 metra á breidd og breyta moldarflögum í græn svæði. Einnig að gera vegslóðann snyrtilegan með yfirlagi.



Sparkvöllur Hraunsholtstúni - Bæjargarður

Eitt af fyrstu verkefnum yngri hópa var að þekja sparkvöllinn á Hraunsholtstúni sem tilheyrir væntanlegum bæjargarði. Það náðist fyrir mestu þurrkana í júní og júlí sem hafa hamlað mjög álíka verkefnum s.s. gróðursetningum og þökulagningu. Sparkvöllinn náðist að vökva það vel í byrjun að hann fór strax í sprettu. Verr gengur hjá sáningarsvæðunum umhverfis völlinn að fræið spíri og fari að vaxa.



Þökulagður sparkvöllur á Hraunsholtstúni í bæjargarði

Sláttur og rakstur

Átaksverkefnið gerði út sex vélsláttuorð sem nýtt voru í lúpínuslátt í júní, en slegnar manir í júlí. Einnig voru þau notuð í vatnsrásum í Urriðaholti og til að snyrta umhverfis trjábeðin í Kaupúni. Líka var þessi hópur í heyrakstri.

Átakshóparnir sáu um heyrakstur á opnum svæðum í bænum, svæðum sem ekki eru í útboði til verktaka. Aðallega voru það manir sem þurfti að raka. Grjót var líka hreinsað af gras-svæðum, svo sláttutæki yrðu síður fyrir tjóni. Var öllu grasi komið fyrir í stóra sekki sem komið var upp á Kjólavelli til reiðskólahesta eða út á jarðgerðarsvæði til sjálfbærrar moltugerðar.



Málningarvinna

Einn af yngri hópunum var alfarið í málningarvinnu, aðallega á undirgöngum, leiksvæðum o.fl. Hann vann við að fúaverja girðingar s.s. á battavöllum, við leikskólann Lundaból og þjónustumiðstöð Lyngási, timburtröppurnar frá Kirkjulundi, hjólabrettapalla o.fl. Einnig unnu þau að málningu gulra lína og kanta í vegmálningum. Það var faglærður málari Sævar Freyr Ragnarsson, starfsmaður í þjónustumiðstöð sem hafði umsjón með þeim málningarverkefnum innanbæjar sem þurfti að framkvæma s.s. að afmá veggjakrot víðsvegar um bæinn.

Girðingar

Einn af flokksstjórunum er smiður. Það var nýtt til ýmissa verkefna. Aðallega voru reistar girðingar til að hindra akstur utan vega. Reistar voru lágbandagirðingar á eftirtöldum svæðum:

- Efra plani Smalaholts
- Plani Sandahlíðar
- Plani Vífilsstaðahlíð
- Hópurinn lagði tröppur niður í furulundinn í Smalaholti. Þrepin voru úr klofnum grenibolum.

Ýmis önnur verkefni

Mörg önnur verkefni sem voru framkvæmd voru ýmist skipulögð fyrir sumarið eða komu upp á, stundum jafnvel samdægurs. Þau voru bæði stór og smá t.d:

- Lækirnir hreinsaðir: Arnarneslækur var sérstaklega tekinn í gegn, veitt úr læknum rusl og spýtur. Svæðið umhverfis var hreinsað af njólum og kerfli, en eitrað á bjarnarkló sem var farin að dreifa sér meðfram læknum.
- Leikskólalóðir, þar voru teknar upp gúmmímtottur, sem eru öryggisundirlag undir rólum, og þær hreinsaðar. Þetta var gert á lóðum Lundabóls, Sunnuhvals og Bæjarbóls.
- Við Akraleikskóla var unnið við gróðursetningu trjáplantna á lóðinni og beðin sönduð.
- Hæðaból leikskólalóð, þar var lóðaframkvæmd flýtt með því að taka upp og fjarlægja gamlar hellur af lóðinni og rífa burt gamlan sandkassa.
- Umsjón og eftirlit með hundabanni í friðlandi Vífilsstaðavatns og Urriðavatns á varptíma.



Leikskólinn Lundabóli

- Fjöruhreinsun, lækjarhreinsun, Hraunholtslækur og Arnarneslækur.
- Grjót hreinsað af sláttusvæðum.
- Samsetning húsganga frá IKEA í Betrunarhúsið, það voru 4 borð og stólar við.
- Undirbúningur fyrir Jónsmessuhátíð í Sjálandshverfi, staurar fyrir listaverk.
- Æfingavöllur Stjörnunnar, frágangur meðfram vellinum að köntum.
- Sparkvöllur Sandakri sem búið var að þökuleggja fyrr í vor, fyllt var með sandi í rifur milli þaka sem höfðu skroppið saman vegna þurrka.
- Vegna Norræns vinabæjarmóts 29. júní, ýmis aðstoð við flutning á útiborðum og við gróðursetningu í vinabæjarlundinum. Þar fengu þrír Nordjobbarar að taka þátt.
- Njóli var stunginn upp eða klipptur hvar sem til hans sást í bæjarlandinu.
- Graseyjar í Lundahverfi voru kantskornar.



- Gluggapvottur á Þjónustuveri Garðatorgi 7.
- Íþróttamiðstöð Ásgarði, þar var hreinsað upp úr drenrennum, skipt um jarðvegsdúk og hreinsuð mól.
- Hreystivöllur, hreinsaður.
- Á Kjóavöllum voru hreinsaðar upp leifar af skothylkjum, glerbrotum o.fl. frá síðari heimstyrjöldinni. Þar voru settar járnplötur fyrir op á brennsluofni skotfæra frá sama tíma. Börn frá efri byggðum Kópavogs sækja á Kjóavellina, þar sem börn léku sér ekki áður.




Kjóavöllum, brennsluofni skotfæra lokað

S K Ó G R Æ K T A R H Ó P A R 2012

Skipting tíma niður á verk

nr.	Verkefni:	Klukkustundir	% af heild
1	Hreinsun bæjarlands	1304	3,7%
2	Hefting útbreiðslu lúpínu og kerfils	4860	13,9%
3	Njálahreinsun	1280	3,7%
4	Nýlagnir útivistarstígar	3070	8,8%
5	Malarstígar eldri, yfirlögn - viðhald	2454	7,0%
6	Gróðursetningar, áburðargjöf, umhirða	3141	9,0%
7	Smalaholt, nýr áningarstaður	1554	4,4%
8	Uppgræðsla - sáning - þökulögn - grjóthreinsun grassvæða	1257	3,6%
9	Heyrakstur, beðahreinsun, steinhreinsun grassvæðum, orfasláttur	2919	8,3%
10	Urriðaholt, gróðursetning - þökulögn vatnsrása - sáningar	3687	10,5%
11	Umhirða gróðurbeða	1994	5,7%
12	Málningarvinna	2212	6,3%
13	Arnarneslækur	694	2,0%
14	Sparkvellir	877	2,5%
15	Leikskóla- og stofnannalóðir	1674	4,8%
16	Kantskurður graseyja í Lundahverfi	1206	3,4%
17	Balaskvæði	311	0,9%
18	Vífilsstaðahlíð - Heiðmörk	566	1,6%
Samtals klukkustundir		35.060	100,0%



HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Garðatorg 7 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • Fax 550 5409 • www.heilbrigðiseftirlit.is • hkk@heilbrigðiseftirlit.is

Garðabær
Erla Bil Bjarnardóttir, umhverfisstjóri
Garðatorg 7
210 Garðabær.

Hafnarfjarðar- og
Kópavogssvæðis

Bæjarskrifst. Garðabæjar

Mótt.dags.	24. 7. 2012
Málalykill	11. 12
Mál nr.	1202/133

Garðabær 24.7.2012

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis annast samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7 frá 1998 vöktun og eftirlit með fjölmörgum málaflokkum á starfssvæði sem nær til Kópavogs, Garðabæjar, Álftanes og Hafnarfjarðar. Eftirlitssvæðið nær til eins fjölbreyttasta atvinnusvæðis landsins.

Hjá eftirlitinu starfa 6 heilbrigðisfulltrúar auk þess sem fólk með margbreytilega fagþekkingu er verkefnaráðið tímabundið til ákveðinna starfa.

Heilbrigðiseftirlitið hefur í gegnum árin iðulega verkefnaráðið tímabundið ungt fólk og þá einkum háskóla- eða tækniskólanemendur. Reynt hefur verið að hafa verkefni sumarfólksins sem fjölbreyttust en um leið hefur verið leitast við að sniða verkefni eftir hæfileikum eða getu hvers og eins. Reynslan hefur sýnt að þetta fólk hefur haft mikið gagn af þessum störfum og margt af því telur þetta fyrstu „fullorðins-störf“ sín. Iðulega er síðan leitað umsagna hjá eftirlitinu þegar þessir fyrrum starfsmenn eru að sækja um störf síðar á lífsleiðinni. Af fjárhagsástæðum hefur stofnunin ekki alltaf geta tekið þann fjölda verkefnaráðna starfmanna sem það hefði kosið eða það talið sig geta sinnt með góðu móti. Sumarið 2012 var boðum komið til Garðabæjar að stofnunin gæti vel þegið liðsinni tveggja ungmenna ef þau væru á lausu hjá atvinnuátakinu. Ekki var skilyrt að um háskólanema væri að ræða. Störfin krefðust ekki mikillar reynslu en væru fólgin í almennri skrifstofuvinnu s.s. sínavörslu og skráningum, aðstoð við hávaðamælingar, sinna afmörkuðum verkefnum á sviði dýraeftirlits og síðan að aðstoða við lóðaskoðanir og ýmiss konar umhverfisvöktun. Vegna eðli starfseminnar yrði hins vegar að vanda vel til slíkra mannaráðninga. Einn starfsmaður fékkst og er stofnunin þakklátt fyrir þann stuðning.

Sumarið 2012 fékk heilbrigðiseftirlitið tímabundið liðsmann frá atvinnuátaki á vegum Garðabæjar, háskólanemann, Hafþór Breka Bergsson. Í ljós kom í ráðningaviðtali að hann hefði lokið tveggja ára námi í eðlisfræði við Háskóla Íslands. Lá því beint við að hæfileikar hans og kunnátta myndu nýtast vel til hávaðamælinga. Var það fljótt raunin að í stað þess að nýta hann til aðstoðar var hægt að fela honum að annast mælingar að stórum hluta og fékk hann aðstoðarfólk frá skógræktarhópum þegar þess þurfti. Þessi geta Hafþórs Breka ásamt einstaklega góðu veðurfari fyrri hluta sumars hefur gert eftirlitnu kleift að fara út í umtalsverðar hávaðamælingar. Til muna meira en áður hefur tekist. Auk hávaðamælinga hefur Hafþór Breki sinnt verkefnum í umhverfisvöktun og á skrifstofu.



Niðurlag

Sumarvinna við átakið fyrir unga Garðbæinga hefur gefið þeim nýja sýn á bæinn sinn, á víðfeðma útmörk, s.s. útivistarsvæðin ofan byggðar, fjörur og hraunin. Þau verkefni sem unnin voru nýliðið sumar voru mörg og fjölbreytt. Þau eiga það sameiginlegt að kallast mannaflsfrek verkefni, sem ungmennin hafa vonandi lært eitthvað af. Verkefni átakshópa voru frekar óhefðbundin og höfðu ekki sérstakar fjárveitingar.

Við þökkum gott samstarf við garðyrkjustjóra og annað starfsfólk Þjónustumiðstöðvar sem lagði sitt að mörkum með útvegum véla og áhalda. Þá ber að þakka flokksstjórum átaksins, fulltrúum Skógræktarfélagsins og öllum þeim ungmönnum sem störfuðu í atvinnuátakinu fyrir þeirra framlag til þess að snyrta og fegra bæinn.

Við þökkum einnig Birni Bjarnsteinssyni, nema á 1. ári í stærðfræði við HÍ fyrir gott framtak við Gps mælingar á þeim vinnslusvæðum sem hefting lúpínu átti sér stað á, bæði innan byggðar og í útmörk.

Samantekt og hlutfallsleg sundurliðun milli verkefna er á lokablaðsíðu skýrslunnar.

Garðabæ, 27. júlí 2012

Með þökk fyrir lesturinn

Erla Bil Bjarnardóttir og Matthías Ólafsson